

## REGLUGERÐ

### um (8.) breytingu á reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er skipum heimilt að stunda humarveiðar til og með 20. desember 2015.

Veiðieftirlitsmenn skulu vera um borð í skipum sem stunda veiðar á þessu tímabili eins lengi og þurfa þykir, samkvæmt nánari fyrirmælum Fiskistofu. Tilkynna skal Fiskistofu um fyrirhugaða brottför eigi síðar en einum virkum degi fyrir upphaf veiðiferðar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. nóvember 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*